

Miðvikudaginn 31. okt. 1923.

Nr. 36/1923.

Tómas Jónsson og Ólafur Ólafsson

gegn

Pjetri M. Bjarnarson.

Dómur hæstarjettar.

Áfrýjendur, Tómas Jónsson og Ólafur Ólafsson, er eigi mæta í málinu, greiði 50 kr. aukagjald til ríkissjóðs, ef þeir vilja af nýju fá mál sitt tekið fyrir í hæstarjetti.

Mánudaginn 5. nóv. 1923.

Nr. 27/1923.

Valdstjórnin

(L. Fjeldsted)

gegn

William Browning

(Guðm. Ólafsson),

útaf broti á 2. gr. l. nr. 5/1920 um bann gegn botnvörpuveiðum.

Dómur lögreglurjettar Vestmannaeyjakaupstaðar 24. apríl 1922: Anklagede William Browning, Förer af britisk Damtrawler G. Y. 928 „Sethon“ bör yde en Bøde i Landhelgissjóður Íslands Kroner 2500,00 og Sagsomkostninger 100 Kroner. Dommen at fuldbyrde i Henhold til Loven.

Dómur hæstarjettar.

Með úrskurði hæstarjettar 18. maí þ. á. var lagt fyrir rannsóknardómarann að útvega fyrir rjetti

skýrslur um nokkur atriði í máli þessu. Hafa þær skýrslur verið fengnar og lagðar fram í hæstarjetti.

Með eigin játningu kærða í lögreglurjetti Vestmannaeyjakaupstaðar 24. apríl 1922 og skýrslu skipstjórans á eftirlitsskipinu Islands Falk, dagsettri sama dag, er það sannað að kærði hafi að morgni þess 24. apríl 1922 legið fyrir akkeri á skipalegunni í Vestmannaeyjum, með skipi sínu, botnvörpuskipinu »Sethon«, G. Y. 928, með botnvörpu að nokkru leyti utanborðs, og er þeirri sönnun eigi hnekt með yfirlýsingum þeim, er kærði og tveir skipverjar hans hafa gefið fyrir notarius í Englandi, eftir að hinn áfrýjaði dómur var kveðinn upp, og lagðar hafa verið fram í hæstarjetti. Það er enn fremur sannað, með skýrslum, sem komnar eru fram í málinu eftir að hinn áfrýjaði dómur var kveðinn upp, að veður og sjór hafi eigi verið svo mikið, daginn sem skipið kom á skipaleguna í Vestmannaeyjum, að eigi hafi af þeim sökum verið fært að búlka veiðarfærin áður en skipið kom í landhelgi. Kærði hefir því gjörst brotlegur gegn 2. gr. laga um bann gegn botnvörpuveiðum nr. 5, 18. maí 1920, og þykir refsing sú, er hann hefir til unnið, hæfilega metin samkvæmt 3. gr. laganna 2000 kr. sekt er renni í Landhelgissjóð Íslands. Svo ber kærða og að greiða allan af málinu leiddan og löglega leiðandi kostnað, þar með talin málflytningslaun til sækjanda og verjanda í hæstarjetti 60 kr. til hvors.

Það er aðfinsluvert að óhæfilega langur dráttur hefir orðið á áfrýjun málsins, þar sem lögreglurjettardómurinn er kveðinn upp 24. apríl 1922 en áfrýjunarstefna eigi gefin út fyrir en 29. janúar 1923 og birt 21. mars s. á., að ritlauna, staðfestingargjalds og stimilgjalds er ranglega krafist og að málskostn-

aður er í lögreglurjettardómnum tiltekinn með ákveðinni upphæð.

Þvi dæmist rjett vera:

Kærði, William Browning, greiði 2000 króna sekt til Landhelgissjóðs Íslands. Svo greiði hann og allan kostnað sakarinnar bæði í hjerði og í hæstarjetti, þar með talin málflutningslaun til sækjanda og verjanda í hæstarjetti, málaflutningsmannanna Lárusar Fjeldsted og Guðmundar Ólafssonar, 60 krónur til hvors.

Dóminum skal fullnægja með aðför að lögum.

Forsendur hins áfrýjaða dóms hljóða svo:

Ved egen Bekendelse er det tilstrækkelig bevist at William Browning, Fører af britisk Trawler G. Y. 928 „Sethon“, Dags Morgen har befundet sig paa Reden her med Fangstredskaberne i Uorden og maa derfor anses at nævnte Fører med dette sit Forhold har overtraadt Bestemmelserne i Lov af 18. Mai 1920, Nr. 5, § 2 og bør derfor efter samme Lovs 3. § straffes med en Bøde til Landhelgissjóður Íslands, som efter Omstændighederne fastsættes til 2500 Kroner, samt Sagens Omkostninger med 100 Kroner.
